

REIKNINGUR

Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2012.

Rekstrarreikningur árið 2012

Tekjur	þús. kr.
Framlag ríkissjóðs	14.984.435
Framlag sveitarfélaga	16.365.382
Önnur framlög	<u>1.038.000</u>
Tekjur alls	<u>32.387.817</u>
Framlög	
Bundin framlög	1.396.644
Sérstök framlög	6.674.746
Jöfnunarframlög	6.599.608
Jöfnunarframlög til reksturs grunnskóla	7.201.811
Framlög vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðra	<u>10.404.424</u>
Framlög alls	<u>32.277.233</u>
Rekstrarkostnaður	
Laun og launatengd gjöld	4.201
Annar rekstrarkostnaður	<u>67.448</u>
Rekstrarkostnaður samtals	71.649
Eignakaup	<u>9</u>
Framlög og gjöld alls	<u>32.348.891</u>
Rekstrarafgangur/halli	38.926
Hreinar fjármagnstekjur	<u>137.282</u>
Tekjuafgangur/halli ársins	<u><u>176.208</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2012

Eignir	
Veltufjármunir:	
Ríkissjóður	8.467
Áfallnar vaxtatekjur	133.569
Aðrar skammtímakröfur	<u>259.814</u>
Skammtímakröfur samtals	<u>401.850</u>
Handbært fé:	
Bankareikningar	<u>1.628.202</u>
Eignir alls	<u><u>2.030.052</u></u>
Skuldir og eigið fé	
Eigið fé:	
Höfuðstóll	<u>468.129</u>

Skammtímaskuldir:

Ríkissjóður	7.965
Ógreiddur fjármagnstekjuskattur	26.714
Ógreidd framlög	444.663
Aðrar skammtímaskuldir	<u>1.082.581</u>
Skammtímaskuldir samtals	<u>1.561.923</u>
Skuldir samtals	<u>1.561.923</u>

Skuldir og eigið fé alls

2.030.052

Sjóðstreymi árið 2012

Rekstrarhreyfingar

Veltufé frá rekstri:

Tekjuafgangur/halli samkvæmt rekstrarreikningi	<u>176.208</u>
Veltufé frá rekstri	176.208

Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:

Skammtímakröfur (hækkun), lækkun	333.407
Skammtímaskuldir (lækkun), hækkun	<u>(54.845)</u>
	278.562

Handbært fé frá rekstri 454.770

Fjármögnunarhreyfingar

Breyting á stöðu við ríkissjóð:

Framlag ríkissjóðs	(14.984.435)
Greitt úr ríkissjóði	<u>14.849.612</u>
	(134.823)

Hækkun (lækkun) á handbæru fé 319.947

Handbært fé í ársbyrjun 1.308.255

Handbært fé í árslok 1.628.202

Staðfesting ársreiknings

Ársreikningur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er gerður í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins og gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Á árinu 2012 var tekjuafgangur Jöfnunarsjóðsins 176,2 m.kr. Samkvæmt efnahagsreikningi í árslok námu eignir alls 2.030,0 m.kr., skuldir 1.561,9 m.kr. og eigið fé 468,1 m.kr.

Innanríkisráðherra og formaður ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga staðfesta ársreikning Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2012 með áritun sinni.

Reykjavík, 23. september 2013.

Hanna Birna Kristjánsdóttir
innanríkisráðherra.

Guðmundur Bjarnason,
formaður ráðgjafarnefndar
Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Áritun endurskoðenda

Til innanríkisráðuneytis og ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2012. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnenda, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum.

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fjárreiður ríkisins. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðenda.

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við ákvæði laga um Ríkisendurskoðun. Samkvæmt því ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðunin felur í sér aðgerðir til að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri áhættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér mat á þeim reikningsskila- og matsaðferðum sem gilda um A-hluta stofnanir og stjórnendur nota við gerð ársreikningsins og framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina hafi verið aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að undirbyggja álit okkar.

Álit.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á árinu 2012, efnahag 31. desember 2012 og breytingu á handbæru fé á árinu 2012, í samræmi við lög um ársreikninga og fjárreiður ríkisins.

Ríkisendurskoðun, 23. september 2013.

Sveinn Arason ríkisendurskoðandi.

Sigurgeir Bóasson
endurskoðandi.